

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, verslunar- og þjónustusvæði, Flúðarsel í landi Böðvarsness í Fnjóskadal.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 26. maí 2014 breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 23. apríl 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst þann 22. maí 2014.

Í breytingunni felst að 0,4 ha landbúnaðarsvæði er breytt í verslunar- og þjónustusvæði með nýtingarhlutfallið 0,07. Á svæðinu er gert ráð fyrir aðstöðuhúsi, aðgerðarhúsi og fimm gistiskálum.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 26. maí 2014.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2014